



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

stjornarradid.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík 22. júní 2023

Tilv.: MRN22100029/3.8

Efni: Beiðni um umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna

Í samræmi við 2. mgr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, óskar mennta- og barnamálaráðuneytið eftir því að Samband íslenskra sveitarfélaga leiti fyrir hönd ráðuneytisins umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna.

Samkvæmt 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, bera sveitarfélög ábyrgð á því að skapa vettvang fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna, svæðisbundin farsældarráð. Gert er ráð fyrir að svæðisbundin farsældarráð séu skipuð í kjölfar farsældarþings enda skulu þau vinna áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu um farsæld barna og framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarþings.

Í tengslum við framangreint er einnig í undirbúningi hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu frumvarp til laga um skólaþjónustu þar sem skólaþjónustusvæði eru til skoðunar. Ráðuneytið óskar umsagnar landshlutasamtakanna um mat þeirra á því hvernig hægt væri að haga uppbyggingu skólaþjónustusvæða, m.a. hvort ytri mörk skólaþjónustusvæða geti verið þau sömu og svæðisbundinna farsældarráða og hvernig slíkri samvinnu gæti verið háttað.

Þess er óskað að umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga berist ráðuneytinu eigi síðar en 31. ágúst nk.

Fyrir hönd ráðherra

Erna Kristín Blöndal

Elisabeth Patriarça Kruger